

Ed.

586. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkv. 1. gr. þessa frv. skal heimilt verða að stofna hlutafélag, sem hafi það hlutverk að efla íslenskan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum, veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Síðan er nánar til tekið, með hvaða hætti þessum tilgangi verður náð, og er það sérstaklega tilgreint, að félag þetta muni verða frumkvöðull að stofnun atvinnufyrirtækja, kaupa, eiga og selja hlutabréf í fyrirtækjum, annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu fyrir þau o. fl. þessum hlutverkum skylt.

Ekki verður séð, að nokkurt það ákvæði um tilgang og fyrirhuguð störf þessa félags, eins og þau eru skýrð í 1. gr. frv., þarfnist sérstakra lagaheimilda. Áhugaaðilar, sem kynnu að vilja leggja fé í slíkt fyrirtæki og starfrækja það, hafa til þess fullgildar heimildir í gildandi lögum, að því er bezt verður séð.

Hinn raunverulegi tilgangur með þessari tilraun til lagasetningar felst hins vegar í ákvæðum 4. og 6. gr. frv., en þar er að finna tvö nýmæli. Í fyrsta lagi það, að einkabönkum og opinberum sjóðum sé heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í fyrirtækinu, þótt hannað sé í lögum um þessar stofnanir, og í öðru lagi það, að þetta sérstaka hlutafélag skuli njóta skattfrelsis til ársloka 1977.

Það er skoðun minni hl. fjárhagsnefndar, að ekkert nema gott væri um það að segja, að þeir tilgreindu aðilar, sem skv. frv. á að löggilda sem forgönguaðila nefnds hlutafélags, beindu því fjármagni, sem þeir hafa yfir að ráða, og fjármagni annarra einkaaðila í vaxandi mæli til ýmiss konar þjóðhagslega hagkvæms atvinnurekstrar, hvort sem væri með stofnun nýrra fyrirtækja eða eflingu annarra. Sé þar vilji fyrir hendi, eru engar lagahindranir þar heldur í vegi og sérstök löggjöf því með öllu óþörf.

Á hinn bóginn fær minni hluti fjhn. ekki séð, að til neinna bóta horfi að draga fé úr viðskiptabönkum og opinberum stofnlánasjóðum, sem fyrir hendi eru, og fá það í hendur stofnun, sem er óljóst sambland af fjárfestingarlánastofnun og atvinnurekstrarfyrirtæki. Enn fráleitara virðist þó að veita slíku einkafyrirtæki um fjölda ára algert skattfrelsi. Í því fælist mismunun, sem engin rök mæla með.

Atvinnurekstur í landinu er óumdeilanlega hrjáður af fjármagnsskortri bæði til stofnframkvæmda og rekstrar, en sú meinsemd verður trauðla læknuð með því að fjölga enn þeim aðilum, sem fást við úthlutun þess fjármagns, sem lánakerfið hefur yfir að ráða. Þvert á móti þyrfti að því að stefna að fækka verulega þessum aðilum og samræma aðgerðir þeirra. Með þeim aragrúa meira eða minna fjárvana stofnlánasjóða atvinnuveganna, sem nú eru starfandi, og því skipulagsleysi, sem þar er ríkjandi, notast hið takmarkaða fjármagn illa og miklu verr en vera þyrfti, ef þar yrði komið á nauðsynlegri heildarstjórn.

Með frv. þessu er því stefnt til öfugrar áttar við þau markmið, sem undirritaður minni hl. fjhn. telur æskileg og nauðsynleg, og leggur hann því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Björn Jónsson,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.

Kristján Thorlacius.